

RÍKISSAKSÓKNARI

Fyrirmæli

Útgáfudagur:
14. ágúst 2020

Gildistaka:
14. ágúst 2020

RS: 7/2020
Kemur í stað RS: 4/2020

Efni: Brot gegn sóttvarnarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. 19. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, vegna heimsfaraldurs COVID-19

Með fyrirmælum þessum eru uppfærðar tilvísanir til nýrra ákvarðana heilbrigðisráðherra um opinberar sóttvarnarráðstafanir í samræmi við sóttvarnarlög nr. 19/1997 vegna COVID-19, sbr. reglugerð nr. 759/2020 og auglýsing nr. 792/2020.

Í þessum fyrirmælum, sem leysa af hólmi fyrirmæli nr. RS: 4/2020, bætast við sektarheimildir vegna brota sem tengjast 2ja metra reglunni og reglum um grímunotkun.

Ríkissaksóknari óskar eftir að fá upplýsingar frá lögreglustjórum um afgreiðslur allra þeirra mála sem upp koma og varða ætluð brot á nefndum reglum til að tryggja yfirsýn og samræmi í afgreiðslum lögreglustjóra.

Ríkissaksóknari leggur á það áherslu að ákærendur meti hvert tilvik fyrir sig og ákvarði sektarfjárhæð með hliðsjón af alvarleika brots en ljóst er að brotin geta verið afar mismunandi og þar með mis alvarleg.

Þá er ljóst að í sumum tilvikum kann háttsemin að vera það alvarleg, einkum varðandi brot gegn reglum um einangrun, að háttsemin eigi undir ákvæði 175. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og því beri að ákæra fyrir brotið. Sem dæmi má nefna að sakborningur geri nokkurn hóp manna útsettan fyrir sýkingu eða sýki hóp manna af COVID-19 og enn alvarlegra ef um er að ræða að útsetja eða sýkja þá sem eru í sérstakri hættu vegna undirliggjandi sjúkdóma. Ef slíkt álitaefni kemur upp ber ákærendum að upplýsa ríkissaksóknara og héraðssaksóknara strax um málið en héraðssaksóknari fer með ákæruvald vegna brota gegn 175. gr. almennra hegningarlaga.

Brot gegn reglugerð heilbrigðisráðherra nr. 759/2020 um sóttkví, einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19:

Brot gegn skyldu til að fara/vera í sóttkví, 1. og 3. mgr. 3. gr.

Sekt ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 50.000-250.000.

Brot gegn skyldum þeirra sem eru í sóttkví, 5. gr.

Sekt ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 50.000-250.000.

Brot á reglum um einangrun, 1. og 2. mgr. 9. gr.

Sekt ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 150.000-500.000.

Sektarheimild nær einungis til fyrsta brots.

Brot gegn reglum skv. auglýsingu heilbrigðisráðherra nr. 792/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar:

Brot á reglum um fjöldatakmörkun, 3. gr.

Sekt einstaklings sem sækir samkomu kr. 50.000.

Sekt forsvarsmanns/skipuleggjanda sem stendur fyrir samkomu kr. 250.000-500.000.

Sektarheimild nær einungis til fyrsta brots forsvarsmanns/skipuleggjanda.

Brot gegn skyldu til að tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki deila heimili, 1. mgr. 4. gr.

Sekt forsvarsmanns/skipuleggjanda þeirrar starfsemi/samkomu sem um ræðir ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 100.000-500.000.

Sektarheimild nær einungis til fyrsta brots.

Brot á reglum um notkun andlitsgrímu, 2. mgr. 4. gr.

Sekt forsvarsmanns þeirrar starfsemi sem um ræðir ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 100.000-500.000.

Sekt einstaklings sem notar ekki andlitsgrímu ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 10.000-100.000

Brot á reglum um lokun samkomustaða og starfsemi vegna sérstakrar smithættu, 1. mgr. 7. gr.

Sekt ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 100.000-500.000.

Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari